

Fundur FFLS - 11. mars 2021 kl. 20:30 á Teams

Mætt: Eva, Valdimar, Sonja, Grétar, Egill, Unnur (ritar).

- Hjólafærni, Grétar: Það er áhugi hjá skólanum á að fá hjólafræðslu frá Hjólafærni í vor fyrir yngsta stig og miðstig 26.-30. apríl. Fræðsla fyrir hvern árgang fyrir sig (nema 1. og 2. bekk saman sökum smæðar). Á fös. í þeirri viku yrði Hjóladagur, krakkarnir mæta með hjólin sín og við fáum Hjólafærni til að koma og gera þau klár fyrir sumarið, smyrja o.s.frv. Ca. 10 mín með hvert hjól, þurfum líklega fleiri hendur. Auglýsa eftir þátttöku foreldra þegar þetta er staðfest, gegnum tölvupóst til bekkjarfulltrúa, fb-síðu þeirra og fb-síðu félagsins. Hafa grill í lok dags ef veður leyfir. Kaupa hjólaljós og gefa börnum í skólanum. Ljósín eru CE-vottuð. Fá tilboð frá Hjólafærni um hvað þau geta gert fyrir 200.000 kr. Grétar heldur áfram að vinna þetta mál.
- Félagið er vel statt, gekk vel að innheimta félagsgjöld. Komin endurgreiðsla frá Mosfellsbæ fyrir svefnfyrirlestri síðasta vetur, 150.000 kr. Staðan er tæp 1.500.000 kr.
- Skoða möguleika á að styrkja ferðir nemenda sem eru framundan og er ekki hægt að halda hefðbundna fjáröflun fyrir, og hjálpa með aukakostnað vegna árshátíða í breyttu formi vegna Covid o.s.frv. Eva og Sonja heyra í Lísu.
- Ekki hægt að halda páskabingó í núverandi aðstæðum, foreldrafélagið styrkir útskriftarferð 10. bekkjar í staðinn. Styrkur var 100.000 kr. í fyrra. Sonja skoðar hvert planið er í ár.
- Valdi fer yfir hvenær sé næst á dagskrá að styrkja skólabókasafnið. Var 150.000 kr. síðast. Mætti láta vita að hluta styrksins megi líka nota til kaupa á borðspilum, ef bókasafnið hefur áhuga á því.
- Sonja ítrekar fyrirspurn til skólastjórnenda vegna möguleika á að fá stjórnutjaldið í vor.
- Sonja heyrir í Danielle varðandi mögulega þörf á að kalla inn varamann.
- Grétar ræðir á vettvangi SAMMOS hvernig símalaus skóli hefur reynst í Varmárskóla.
- Ákveðið að funda næst stuttu fyrir páska. Unnur boðar.